

1869.
25. júní.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um auglýsingu reikninganna um þjóðvegagjaldið.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast að fallast á, 25. dag f. m.:

1. að amtmönnum á Íslandi verði gjört að skyldu að auglýsa eptirleiðis árlega á prenti ágrip úr reikningunum yfir hið lögskipaða gjald til þjóðveganna í hverju amti, svo að þar af sjáist upphæð gjaldsins, og hvernig því hafi verið varið í hverri sýslu, og
2. að kostnaðurinn, sem af þessu leiðir, skuli goldinn úr vegabótasjóðunum, þannig, að honum sé jafnað niður að tiltölu við þá upphæð, sem á hverju ári gelzt í vegabótargjald úr hverri sýslu.

Um leið og yður er kunngjörður þessi konunglegi úrskurður, eruð þér beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á til að framfylgja honum.

61. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867.

7. júlí.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., sendum Voru trúá alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1867, höfum Vér sæð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitast við að efla Vort gagn og hag landsins.

Vér höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúá alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1867, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vér nú skýra hér í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi, þessar réttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vér höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúá alþingis: